

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 5. mars 1990

um breytingu á tilskipun 88/407/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni

(90/120/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 88/407/EBE frá 14 júní 1988 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni <sup>(1)</sup>, einkum 18. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 21. gr. í fyrrnefndri tilskipun skulu aðildarríkin fara að tilskipuninni eigi síðar en 1. janúar 1990.

Til að koma þessari tilskipun til framkvæmda á skilvirkan hátt er rétt að gera ákveðnar breytingar á viðaukanum með hliðsjón af þróun í þessum málum.

SAMPÝKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr:*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 88/407/EBE:

1. Í 1. lið II. kafla í viðauka B:

a) Við iii-lið bætist eftirfarandi undirgrein:

„þar til 30. júní 1990 þurfa aðildarríkin þó ekki að taka mið af niðurstöðum prófsins, að því tilskildu að sæðið hafi verið prófað vegna hvíttra blóðfruma með neikvæðri niðurstöðu. Aðildarríki sem nýta sér þennan kost skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðskipti séu ekki höfð með slíkt sæði eða fósturvísa innan bandalagsins;“

b) Í stað iv-liðar komi eftirfarandi:

„iv) vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbrots (IBR/IPV), sermíafmöggnunarpróf eða ELISA-próf með neikvæðri svörum. Þó, þar til 31. desember 1992:

— er ekki nauðsynlegt að gera þessi próf á nautum sem slík próf hafa þegar verið gerð á með jákvæðri niðurstöðu í tengslum við

sermífræðilegt próf sem er gert í samræmi við þessa tilskipun,

— er heimilt að bólusetja sermíneikvæð naut við þessum sjúkdómum annaðhvort með einum skammti af hitanæmu lifandi bólu-efni sem er gefið í nefhol eða með tveimur skömmtum af óvirku bólu-efni með að minnsta kosti þriggja vikna millibili og mest fjögurra vikna; síðan verður að endurtaka bólusetninguna, en ekki oftar en á sex mánaða fresti;“

c) við v-lið bætist eftirfarandi:

„Þó er heimilt að veita undanþágu frá mótefnaprófi eða ræktunarprófi vegna fóstursýkingar af völdum bogstafasýkils að því er varðar naut sem eru ekki notuð til að framleiða sæði, með þeim fyrirvara að slík naut séu ekki notuð aftur til að framleiða sæði fyrr en á þeim hefur verið gert slíkt próf eða ræktun með neikvæðri niðurstöðu.“

2. Við 3. lið II. kafla í viðauka B bætist eftirfarandi undirgrein:

„Þar til 31. desember 1992:

— gilda þessi ákvæði ekki um sermíjávæð naut sem sýndu fyrir fyrstu bólusetningu í samræmi við þessa tilskipun í sæðingarstöðinni neikvæða svörum við sermíafmöggnunarprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbrots (IBR/IPV),

— verður að einangra sermíjávæð naut sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr., þar sem heimilt er að hafa viðskipti með sæði þeirra innan bandalagsins í samræmi við ákvæði um viðskipti með sæði úr slíkum nautum samkvæmt annarri, þriðju, fjórðu og fimmtu undirgrein í 1. mgr. 4. gr.“

3. Í viðauka C:

a) falli í fyrsta og öðrum undirlið ii-liðar í b-lið orðin „fyrir komu í stöðina“ niður;

b) næstsíðustu og síðustu línu ii-liðar 3. liðar skal breytt þannig að þær verði svohljóðandi:

„... og innsiglaðar og númeraðar áður en þær voru fluttar úr viðurkenndri geymslu.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 194, 22. 7. 1988, bls. 10.

4. Í stað iv-liðar í viðauka D komi textinn í viðauka við þessa tilskipun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

2. gr.

Gjört í Brussel 5. mars 1990.

Aðildarríkin skulu samþykka lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. apríl 1990. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. WALSH

*forseti.*

## VIÐAUKI

„IV. Ég, undirritaður dýralæknir, staðfesti:

1. að sæðið sem lýst er hér að framan var tekið, meðhöndlað og geymt við skilyrði sem eru í samræmi við staðlana í tilskipun 88/407/EBE;
2. að sæðið sem lýst er hér að framan var sent til fermingarstaðar í innsigliðum flátum við skilyrði í samræmi við 88/407/EBE og merkt með númeri ...;
3. að sæðið sem lýst er hér að framan var tekið í stöð þar sem öll nautin sýndu neikvæða svörun við sermíafmöggnunarprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbrots (IBR/IPV) sem var gert í samræmi við tilskipun 88/407/EBE<sup>(1)</sup>;
4. að sæðið sem lýst er hér að framan var tekið úr nautum:
  - i) sem sýndu neikvæða svörun við sermíhlutleysisprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbrots (IBR/IPV) sem var gert í samræmi við tilskipun 88/407/EBE<sup>(1)</sup>; eða
  - ii) sem sýndu jákvæða svörun við prófunum sem um getur í i-lið en höfðu áður sýnt neikvæða svörun við þessum prófum fyrir fyrstu bólusetningu í sæðingarstöðinni í samræmi við tilskipunina<sup>(1)</sup>; eða
  - iii) sýndu jákvæða svörun við sermíhlutleysisprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbrots (IBR/IPV) og hafa ekki verið bólusett í samræmi við tilskipun 88/407/EBE<sup>(1)</sup>; og að sæðið í þessu tilviki er úr sendingu sem hefur verið rannsökuð með neikvæðum niðurstöðum með ónæmissetningu eða veirueinangrunarprófi<sup>(1)</sup> eins og um getur í þriðju undirgrein eða 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 88/407/EBE í rannsóknarstofu ...<sup>(2)</sup>;
5. sæðið sem lýst er hér að framan var tekið úr nautum:
  - i) sem ekki eru bólusett gegn gin- og klaufaveiki<sup>(1)</sup>; eða,
  - ii) sem eru bólusett gegn gin- og klaufaveiki í samræmi við tilskipun 88/407/EBE<sup>(1)</sup>; og í því tilviki er sæðið/er sæðið ekki<sup>(1)</sup> úr töku þar sem á mest 10% af teknu sæði með viðskipti í huga (með að minnsta kosti fimm stráum) hefur verið gert veirueinangrunarpróf, með neikvæðri niðurstöðu, vegna gin- og klaufaveiki í rannsóknarstofu ...<sup>(2)</sup>.

Gjört í . . . . . , hinn . . . . .

.....  
(Undirskrift)

.....  
(Nafn með hástöfum)

Stimpill

<sup>(1)</sup>Strikið út það sem á ekki við.

<sup>(2)</sup>Heiti rannsóknarstofunnar tilgreint í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 88/407/EBE.“